

## Breytingar við lok aðlögunartímabilsins: nýtt samband Íslands og Bretlands

Staða mála í febrúar 2021

Þegar Bretland gekk úr Evrópusambandinu (ESB), og þar með EES-samningnum, 31. janúar 2020 tók við aðlögunartímabil (e. transition period) til loka árs 2020. Þegar aðlögunartímabilinu lauk 1. janúar 2021 urðu umtalsverðar breytingar á sambandi Íslands og Bretlands þar sem EES-samningurinn og aðrir samningar Íslands við ESB hættu að gilda um Bretland. Allir sem stunda viðskipti eða eiga í öðrum samskiptum við Bretland eru hvattir til að kynna sér þessar breytingar og gera viðeigandi ráðstafanir. Einnig er gagnlegt að kynna sér upplýsingasiður frá [breskum stjórnvöldum](#) og [ESB](#). Þá eru íslenskir ríkisborgarar sem eru búsettir í Bretlandi eða huga að flutningi þangað eindregið hvattir til að kynna sér [viðeigandi upplýsingar](#).

Hafa ber í huga að viðræður Íslands og Bretlands um framtíðarsamband ríkjanna standa nú yfir. Samningaviðræður við Bretland eru afar umfangsmiklar og skiptast í megindráttum í tvennt - fríverslunarviðræður og viðræður um önnur mál sem falla utan hefðbundins fríverslunarsamnings. Í fríverslunarviðræðunum semja Ísland, Noregur og Liechtenstein (EFTA-ríkin innan EES) í sameiningu við Bretland. Fríverslunarviðræðurnar taka m.a. á markaðsaðgangi fyrir vörur, þjónustu og fjárfestingu. Nýr fríverslunarsamningur mun leysa af hólmi bráðabirgðafiríverslunarsamning sem tók gildi þann 1. janúar 2020 þegar EES-samningnum og aðrir samningar Íslands við ESB hættu að gilda í samskiptum Íslands og Bretlands. [Hér má finna nánari upplýsingar um bráðabirgðasamninginn.](#)

Í viðræðum um önnur mál sem falla utan fríverslunarviðræðna liggur þegar fyrir [loftferðasamningur](#) á milli Íslands og Bretlands sem hefur verið beitt frá árslokum 2020 og tryggir áframhaldandi lendingarréttindi. Þá liggur fyrir [samkomulag](#) um framtíðarsamstarf ríkjanna á sviði sjávarútvegsmála. Íslensk stjórnvöld eru einnig að ræða við Bretland um framtíðarsamstarf ríkjanna á mikilvægum sviðum á borð við almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu, dvalarleyfi ungmenna, rannsóknir og menntun, gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina, flugöryggismál og innra öryggi. Niðurstöður þessara viðræðna liggja ekki enn fyrir en upplýsingar í þessu yfirliti taka mið af stöðu viðræðnanna hverju sinni. Ekki er ljóst nákvæmlega hvenær viðræðum mun ljúka en samningsaðilar vinna hörðum höndum að því að ljúka fríverslunarviðræðum og öðrum viðræðum eins fljótt og auðið er. Í þessu yfirliti er greint frá stöðu mála fyrir lok aðlögunartímabilsins og þeim breytingum sem urðu við lok árs 2020 á lykilsviðum. Þá er lagt mat á það hvort [viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands](#) kunni að hafa áhrif á framtíðarsamband Íslands og Bretlands.

## Efnisyfirlit

Vöruviðskipti og markaðsaðgangur.....	3
Matvælaöryggi .....	3
Tæknilegar kröfur og staðlar.....	4
Upprunareglur og viðskiptalíprun .....	5
Þjónustuviðskipti.....	7
Fjármálaþjónusta og fjárfestingar .....	8
Fjarskipti .....	9
Gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi .....	10
Samkeppnismál .....	11
Ríkisaðstoð .....	11
Hugverkaréttindi.....	11
Flutningur persónuupplýsinga.....	12
Opinber innkaup.....	13
Viðskiptavarnir.....	14
Flug.....	15
Dvalar- og atvinnuleyfi.....	15
Almannatryggingar .....	16
Sjúkratryggingar - heilbrigðisþjónusta.....	17
Útsendir starfsmenn.....	17
Lífeyristryggingar almannatrygginga .....	17
Fæðingarorlofsgreiðslur .....	18
Atvinnuleysisbætur .....	18
Ökuskírteini.....	18
Mennta- menningar- og vísindasamstarf .....	19
Hljóð- og myndmiðlun .....	19
Neytendavernd.....	20
Innra öryggi og dómsmál .....	20

## Vöruviðskipti og markaðsaðgangur

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Fyrir lok aðlögunartímabilsins byggðist markaðsaðgangur (þ.e.a.s. tollaumhverfi) í vöruviðskiptum á milli Íslands og Bretlands á ákvæðum EES-samningsins, fríverslunarsamningi Íslands við ESB frá 1972 og samningum Íslands við ESB um ívilnanir í viðskiptum með landbúnaðarvörur.

EES-samningurinn felur í sér fullt afnám tolla á iðnaðarvörum. Tollar við innflutning sjávarafurða til ríkja ESB, þ.m.t. Bretlands, eru misháir eftir því um hvers kyns afurð er að ræða og hvernig hún er unnin, og í samningi Íslands og ESB frá 2007 og nýjum samningi frá 2015, var m.a. samið um umtalsverða tollkvóta fyrir kindakjöt skyr og smjör.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Gildandi samningar milli Íslands og ESB um tollfrelsi og tollaívilnanir, þ.m.t. tollkvótar, féllu úr gildi gagnvart Bretlandi þegar aðlögunartímabilinu lauk. Ísland, Noregur og Bretland [undirrituðu 8. desember 2020](#) bráðabirgðafríverslunarsamning vegna vöruviðskipta. Samningurinn felur í sér að núverandi tollkjör halda í grundvallaratriðum áfram að gilda fyrir inn- og útflutning til og frá Bretlandi. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2021.

- [Lokatexti samningsins.](#)
- [Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila hvað varðar upprunareglur.](#)
- [Nánari upplýsingar um samningin.](#)
- [Skýrsla breska utanríkisviðskiptaráðuneytisins um samninginn.](#)

Fríverslunarviðræðurnar sem nú standa yfir á milli Bretlands, Íslands, Noregs og Liechtenstein taka m.a. á markaðsaðgangi og hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á betri kjör fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Sá samningur mun leysa bráðabirgðafríverslunarsamninginn af hólmi.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands felur í sér fullt tollfrelsi og enga tollkvóta. Þar sem Ísland er ekki í tollabandalagi ESB hefur samningur Bretlands og ESB ekki áhrif á markaðsaðgang Íslands inn til Bretlands fyrir vörur.

## Matvælaöryggi

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins um matvælaöryggi giltu um inn- og útflutning matvæla frá Íslandi, þ.m.t. útflutning til Bretlands fyrir lok aðlögunartímabils. Reglur þessar eru ítarlegar og samræmdar, sem ná til allrar fæðukeðjunnar. Auk þess er kveðið á um hvernig eftirliti með þessum reglum skuli háttað. Þá hafa verið settar reglur um innflutning matvæla frá þriðju ríkjum, þ.e. ríkjum sem standa utan innri markaðarins. Sérstakar reglur gilda um innflutning dýraafurða. Reglur um plöntuheilbrigði breytast ekki.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Ekki var samið sérstaklega um þessi atriði á milli Bretlands og ESB og telst Bretland því vera þriðja ríki samkvæmt þessum reglum frá 1. janúar 2021. Þegar kemur að innflutningi matvæla frá Bretlandi, þarf Ísland að beita þeim EES-reglum sem gilda um afurðir sem koma frá ríkjum

utan EES-svæðisins. Innflutningur matvæla frá Bretlandi fer því samkvæmt þeim reglum, sem íslenska ríkið hefur samþykkt að undirgangast samkvæmt EES-samningnum hvað varðar innflutning frá ríkjum utan EES-svæðisins, nánar tiltekið í viðauka þess.

Útflutningur matvæla frá Íslandi til Bretlands er nú háður breskum reglum. Þetta skiptir sérstaklega máli varðandi dýraafurðir, þ.m.t. sjávarafurðir. Matvælaframleiðsla á Íslandi nýtur ekki lengur sjálfkrafa viðurkenningar í Bretlandi í krafti EES-samningsins. Bresk stjórnvöld hafa í grófum dráttum sett sér löggjöf sem er sambærileg við reglur ESB um innflutning dýraafurða frá ríkjum utan EES-svæðisins. Bresk stjórnvöld innleiða nú fullt innflutningseftirlit með dýrafurðum frá EES-ríkjunum í skrefum. Frá og með 1. janúar 2021 eru ekki gerðar viðbótar kröfur fyrir vörur frá EES-svæðinu. Frá 1. apríl 2021 þurfa heilbrigðisvottorð að fylgja sendingum og útflytjendur þurfa að skrá sendingar í nýtt upplýsingakerfi í Bretlandi í stað Traces-upplýsingakerfisins. Frá 1. júlí 2021 mun landamæraeftirlit verða tekið upp og allar vörur þurfa að fara í gegnum landamærastöð (e. Border Control Post). Í undantekningartilvikum kemur vottorðaskylda með sendingum til fyrr eða seinna og má nálgast upplýsingar um það á heimasíðu MAST og breskra stjórnvalda (sjá hér að neðan).

Mikilvægt er að lágmarka að útganga Bretlands leiði til nýrra hindrana á viðskiptum með matvæli á milli landanna tveggja, og mun Ísland leggja áherslu á það. Samningsfrelsi Íslands, ásamt hinum EES-EFTA ríkjunum, er þó takmarkað á þessu sviði vegna skuldbindinga á grundvelli EES-samningsins.

Nánari upplýsingar um innflutning dýraafurða til Bretlands eftir aðlögunartímabilið má finna á [heimasíðu breskra stjórnvalda](#). Sérákvæði varðandi innflutning frá ESB-ríkjunum munu einnig gilda gagnvart hinum EES-ríkjunum.

Á [heimasíðu MAST](#) er m.a. fjallað um muninn á innflutningi frá EES-ríkjum og ríkjum utan EES og þar má einnig nálgast upplýsingar um kröfur til innflutnings til Bretlands

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Niðurstaða viðræðna ESB og Bretlands hefur ekki áhrif á framkvæmd áður greindra atriða. Þó er ekki loku fyrir það skotið að frekari viðræður um matvælaöryggi eigi sér stað á milli Bretlands og ESB í framhaldinu en ekkert liggur fyrir um það á þessari stundu.

## Tæknilegar kröfur og staðlar

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Reglur EES-samningsins um tæknilegar kröfur og staðla fela í sér að almennt er litið svo á að vörur sem framleiddar eru í einu EES-ríki uppfylli þær tæknilegu kröfur og staðla sem gerðar eru í öðru ríki.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Við útgöngu Bretlands hættu ákvæði EES-samningsins að taka til vara sem framleiddar eru í Bretlandi og því er hvorki hægt að ganga út frá því að vörur sem framleiddar eru í Bretlandi uppfylli kröfur hér á landi né að vörur sem framleiddar eru hér á landi uppfylli breskar kröfur. Mikilvægt er að tryggja að útganga Bretlands torveldi hvorki útflutning á vörum til Bretlands né innflutning frá Bretlandi á vörum sem framleiddar eru þar í landi, og mun Ísland jafnframt

leggja áherslu á það í fríverslunarviðræðum. Samningsfrelsi Íslands er, ásamt hinum EFTA ríkjum innan EES, þó takmarkað á þessu sviði vegna skuldbindinga á grundvelli EES-samningsins.

### ***Nánari upplýsingar um framleiðslu á iðnaðarvörum***

Framleiðendur á Íslandi sem framleiða vörur sem falla undir samhæfða löggjöf ESB þurfa eftir því um hvaða framleiðsluvöru er að ræða að leita eftir gerðarviðurkenningum eða samræmismatsviðurkenningum. Einungis aðilar sem eru tilkynntir í NANDO gagnagrunn ESB og eru stofnsettir innan ESB/EES er unnt að skrá í NANDO og hafa rétt til slíkrar viðurkenningar á samræmi framleiðslu vöru við gildandi kröfur í Evrópurétti. Hafi íslenskir aðilar fengið gerðarviðurkenningu eða samræmismatsvottun frá faggiltum aðilum innan ESB þá hafa þær vottanir fyrir íslenska framleiðslu í innflutningi til Bretlands fallið brott.

Gagnlegir hlekkir:

[Brexit – guidance to stakeholders on impact in the field of industrial products](#)

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Bretar hafa einhliða ákveðið að samþykkja sömu samræmismöt og samræmismarkeringar út árið 2021. Samningur Bretlands og ESB tryggir ekki áframhaldandi einsleitni, sem EFTA-ríkin innan EES myndu geta notið góðs af. Hins vegar er í samningnum að finna viðauka um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats á nokkrum sviðum. Það á t.d. við um bíla og varahluti í bíla, lyf, efnavörur, lífræna framleiðslu og vín. Taka þarf ákvörðun um hverja af þessum viðaukum á að taka upp í fríverslunarsamning.

## Upprunareglur og viðskiptalíprun

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Með fríverslunarsamningi semja samningsaðilar með gagnkvæmum hætti um að veita aðilum að samningnum betri tollkjör en aðildarríki WTO eiga rétt á samkvæmt bestukjarareglu GATT. Upprunareglur (e. Rules of Origin) fjalla um þær kröfur sem vara þarf að uppfylla til að geta notið betri tollkjara í formi fríðindameðferðar á grundvelli fríverslunarsamnings. Það er því ekki fullnægjandi að vara sé eingöngu framleidd eða flutt á milli aðildarríkja fríverslunarsamnings, heldur þarf varan að uppfylla upprunareglur og skilyrði um beinan flutning, svo fátt eitt sé nefnt.

Allt þar til aðlögunartímabili Bretlands vegna útgöngu úr ESB lauk giltu tveir fríverslunarsamningar um vöruviðskipti Íslands og Bretlands: EES-samningurinn og tvíhliða samningur Íslands og ESB frá 1972. Báðir samningarnir viðurkenna PEM upprunareglurnar eða samhljóða útgáfu þeirra og giltu þessar upprunareglur því um vöruviðskipti Íslands og Bretlands fram að lokum aðlögunartímabilsins. Upprunasannanir skv. bókun 4 í EES-samningnum giltu gagnvart Bretlandi þ.e. EUR.1 skírteini, EUR-MED skírteini og áritanir viðurkenndra útflytjenda á vöruveikninga.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Þann 1. janúar 2021 tók gildi sérstakur bráðabirgðasamningur milli Íslands, Noregs og Bretlands og mun samningurinn gilda þar til ríkin hafa náð saman um heildstæðan fríverslunarsamning. Bráðabirgðasamningurinn felur í sér að upprunavörur Íslands og

Bretlands halda sömu tollkjörum og voru í gildi við lok aðlögunartímabilsins skv. EES-samningnum. Þetta þýðir að íslenskar upprunavörur njóta sömu tollkjara til Bretlands og giltu við lok aðlögunartímabils og á sama hátt njóta Breskar upprunavörur sömu tollkjara til Íslands, enda uppfylli vörurnar formreglur samningsins.

Með bráðabirgðasamningnum gilda sömu upprunasannanir gagnvart Bretlandi og giltu fyrir brotthvarf þess af EES-svæðinu. Hér er átt við EUR.1 skírteini, EUR-MED skírteini, áritanir viðurkenndra útflytjanda á vörureikninga og áritanir útflytjenda á reikninga vegna sendinga að verðmæti allt að 6.000 EUR. Vísa þarf hins vegar, eftir atvikum, sérstaklega í bráðabirgðasamninginn, t.d. í reit 2 á EUR.1 skírteini. Tekið skal fram að viðurkenndir íslenskir og breskir útflytjendur þurfa ekki að sækja sérstaklega um nýja viðurkenningu. Útflytjendum er sérstaklega bent á að skoða gaumgæfilega yfirlýsingu birgja (e. Suppliers Declarations) sem nálgast má í viðauka A og B við samninginn. Sjá nánari skilyrði um upprunasannanir í viðauka IV við samninginn og leiðbeiningum embættisins.

Einnig má benda á aðlögunarákvæði bráðabirgðasamningsins sem heimilar að upprunasönnun sé gefin út fyrir vörur sem lagðar voru af stað úr erlendri höfn á leið til landsins fyrir lok aðlögunartímabils Bretlands gagnvart ESB, vörusending í transit-tollmeðferð eða vörusending staðsett á geymslusvæði hér á landi fyrir ótollafgreiddar vörur. Heimilt er að gefa út upprunasönnun fyrir slíkar vörusendingar í allt að tólf mánuði frá gildistöku samningsins. Taka skal fram við útgáfu upprunasönnunar að það sé gefið út eftir á „issued retrospectively“. Sjá nánari skilyrði skv. 39. gr. samningsins.

Uppsöfnunarreglur bráðabirgðasamningsins byggja á sömu reglum og bókun 4 við EES-samninginn og vísa til PEM reglna um uppsöfnun uppruna. Á þessum tímapunkti hefur Bretland ekki gerst aðili að PEM samningnum auk þess sem ekki er vísað til PEM reglna í samningi ESB og Bretlands. Þessi atriði geta haft áhrif á réttindi til uppsöfnunar uppruna og sérstaklega PEM uppsöfnunar. Upprunareglur er að jafnaði að finna í viðauka við fríverslunarsamning. Til viðbótar við upprunareglur er iðulega viðbættir (e. appendix) sem inniheldur sérstakar aðvinnsruleglur/listareglur (e. list rules eða product specific rules). Þessar reglur tilgreina hvaða aðvinnslu erlent hráefni þarf að hljóta til að geta fengið uppruna.

Skilyrði fyrir tollfrelsi er einnig reglan um beinan flutning en hún kveður á um að vara þurfi að vera flutt beint frá framleiðanda til móttökuríkis eða í umflutningi (transit) til þess að geta notið tollfríðinda. Bæði TCA-samningurinn og EES-samningurinn kveða á um þessa reglu. Ef um er að ræða virðisikeðu eða flutningsleið í gegnum annað ríki getur þetta valdið erfiðleikum. Vara sem uppruninn er í ESB en er tollafgreidd inn til Bretlands fær þannig ekki tollfríðindi þegar hún er svo flutt áfram til annars ríkis, þ.m.t. Íslands og Noregs. Vörur sem fluttar eru frá þriðju ríkjum til Bretlands og til áframhaldandi dreifingar innan ESB njóta þannig ekki þeirra tollfríðinda sem þær hefðu fengið ef þær hefðu verið fluttar beint til ESB. Breskar upprunavörur sem fluttar eru til ESB og þaðan til þriðju ríkja njóta ekki tollfrelsis í móttökuríki, t.d. á Íslandi. Þetta veldur því að dreifingarleiðir í gegnum Bretland, sem t.d. íslensk fyrirtæki hafa nýtt sér, eða dreifingarleiðir fyrir breskar vörur í gegnum ESB, er erfiðara að nýta án þess að tollar séu greiddir.

Á [heimasíðu Skattsins](#) er að finna upplýsingar um tollamál og upprunareglur í bráðabirgðasamningnum. Að öðru leyti má hafa samband við þjónustuver Skattsins.

### **Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands**

Upprunareglur í samningi Breta og ESB eru mun takmarkaðri en nán viðskipti milli ríkjanna gefa tilefni til að ætla. Tvennt kemur þar til. Annarsvegar eru listareglur samningsins þannig útfærðar að samningsaðilar hafa takmarkaðar heimildir til að vinna hráefni frá þriðju ríkjum og á sama tíma fengið fríðindameðferð fyrir endanlega vöru. T.d. í fiski þarf allt hráefni að vera að öllu leyti fengið á Íslandi eða Bretlandi til að vara geti fengið fríðindameðferð. Hitt atriðið er upprunasöfnun. Upprunasöfnun er þegar þrjú eða fleiri ríki nota samskonar upprunareglur sín á milli, geta nýtt hráefni hvors annars og vara fær uppruna í því ríki þar sem aðvinnsla átti sér síðast stað. Slíkt upprunareglukerfi er til staðar með svokölluðum PEM reglum. Á þessum tímamarki hefur Bretland ekki gerst aðili að PEM samningnum auk þess sem ekki er vísað til PEM reglna í samningi ESB og Bretlands. Þetta mun gera það að verkum að íslenskar vörur, t.d. sjávarafurðir eða ál, sem eru unnar áfram í Bretlandi munu ekki njóta tollfríðinda við innflutning til ESB.

Áhrif samnings ESB og Bretlands gefa því ekki góð fyrirheit um sveigjanlegar upprunareglur í viðskiptasamningi Íslands og Bretlands.

### **Þjónustuviðskipti**

#### **Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins**

Fyrir heimsfaraldur Covid-19 hafði útflutningur þjónustu til Bretlands farið vaxandi og nam 83,5 milljörðum króna árið 2018. Þar vógu þyngst ferðalög (48 ma. ISK), samgöngur og flutningar (20 ma. ISK) og fjarskipta, tölvu- og upplýsingaþjónusta (5,5 ma. ISK). Innflutningur þjónustu frá Bretlandi hafði jafnframt aukist og nam 76 milljörðum króna árið 2018. Þar vógu þyngst ferðalög (32,8 ma. ISK), önnur viðskiptaþjónusta (t.d. tækniþjónusta, sérfræðifræðiþjónusta, stjórnunar- og ráðgjafarþjónusta – 16,2 ma. ISK) og samgöngur og flutningar (9,7 ma. ISK). Sjá nánar í töflu fyrir neðan:

#### **Þjónustuviðskipti við Bretland 2016-2018**

	2016		2017		2018	
	Útflutningur	Innflutningur	Útflutningur	Innflutningur	Útflutningur	Innflutningur
Hlutfall þjónustu í heild	11,7%	15,3%	11,6%	15,9%	12%	16,4%
Milljónir ISK	75.944,4	59.739,1	78.683,8	64.309,4	83.547,5	76.216,4

*Helmild: Hagstofa Íslands*

#### **Breytingar við lok aðlögunartímabilsins**

Eftir útgöngu Bretlands úr innri markaði EES gilda ákvæði EES-samningsins um almenna þjónustu og fjárfestingar ekki lengur í samskiptum Íslands og Bretlands. Samið verður um framtíðarsamskipti á þessum sviðum á grundvelli metnaðarfulls fríverslunarsamnings, sem mun þó ekki tryggja jafn greið viðskipti gagnvart Bretlandi og EES samningurinn gerir í dag. Meginfrávik frá núverandi EES-regluverki verða eftirfarandi:

- Engar samræmdar reglur: lög gistiríkisins gilda m.a. um leyfisveitingar
- Ekkert sameiginlegt eftirlitskerfi

- Engin sérstök úrræði fyrir einstaklinga eða fyrirtæki
- Engar ívilnandi innlendar reglur/lög fyrir fríverslunaraðila, m.ö.o. verður meginreglan að skuldbindingar í fríverslunarsamningum fyrir þjónustuviðskipti og fjárfestingar samræma nógildandi reglur/lög og kalla ekki á lagabreytingar í viðkomandi ríki.

Ekki hefur verið gert samkomulag á milli Íslands og Bretlands enn sem komið er og fara viðskipti nú fram á grundvelli almennra reglna/skuldbindinga hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS) og einhliða ráðstafanir ríkja utan samnings sem munu gilda fyrir alla aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO most favoured nation).

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Á sviði þjónustuviðskipta og fjárfestinga væri æskilegt að taka mið af samningum Bretlands og ESB í samningaviðræðum við Bretland. Verið er að skoða hvort hægt sé að ganga lengra en Bretland og ESB á einstökum sviðum, sérstaklega hvað varðar tímabundna dvöl þjónustuveitanda (mode 4 í GATS) og gagnkvæma viðurkenning á menntun og hæfi. Á sama tíma þarf þó að huga að skuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins, sérstaklega hvað varðar fjármálaþjónustu og persónuvernd. Samningur ESB og Bretlands veitir ákveðið fordæmi þegar kemur að uppsetningu og orðalagi og mun auðvelda viðræður að því leyti.

## Fjármálaþjónusta og fjárfestingar

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins um þjónustu- og staðfesturétt á sviði fjármálaþjónustu fela í sér afnám hindrana fyrir því að þjónustuaðili í einu ríki innan EES geti veitt þjónustu í öðrum EES-ríkjum og öðlast þar rétt til staðfestu. Enn fremur er mælt fyrir um einföldun stjórnsýsluferla og starfsleyfisskilyrða til þess að þjónustuaðilar geti notið þessara réttinda.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Frá og með þeim degi sem aðlögunartímabilinu lauk, var Bretland skilgreint sem þriðja ríki (ríki utan EES) í samskiptum við Ísland og önnur ríki innan EES. Stærsta breytingin felst í því að bresk fyrirtæki á fjármálamarkaði hafa þá ekki sama rétt og fyrirtæki innan EES til að veita þjónustu hér á landi, hvort sem það er gert yfir landamæri eða með stofnsetningu. Áhrif þessa á bresk og íslensk fjármálafyrirtæki munu, eðli málsins samkvæmt, fara eftir starfsemi fyrirtækja í hverju tilviki fyrir sig.

Ætla má að almenn áhrif útgöngu Bretlands úr ESB á íslenskan fjármálamarkað, verði að mestu sambærileg fyrirsjáanlegum áhrifum sem verða á fjármálamarkaði annarra ríkja innan EES.

Útganga Bretlands úr ESB gæti m.a. haft áhrif á möguleika eða kostnað fyrirtækja innan EES við kaup á þjónustu af breskum miðlægum innviðum á sviði verðbréfamarkaðar. ESB hefur gripið til ráðstafana þannig að bankar og önnur fyrirtæki innan ESB geti haldið áfram að nýta sér þjónustu breskra miðlægra mótaðila (*e. central counterparties*) vegna uppgjörs afleiðuviðskipta og verðbréfamiðstöðva (*e. central securities depositories*). Slíkar ráðstafanir ESB, sem miða að því að tryggja hagsmuni fyrirtækja innan ESB, ber almennt að taka upp í EES-samninginn.

Fyrirtæki með staðfestu innan EES, m.a. á Íslandi, sem veita þjónustu í Bretlandi þurfa þá að starfa samkvæmt þarlandri löggjöf. Bretar hafa kynnt tímabundið leyfisfyrirkomulag (*e.*



*Temporary Permission Regime*), en tilgangur þess er að fyrirtæki sem hafa staðfestu innan EES, og veita þjónustu yfir landamæri í Bretlandi á grundvelli tilkynningar (*e. passporting*), geti haldið áfram að veita þar þjónustu um tiltekið tímabil að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Útganga Bretlands úr ESB hefur áhrif á réttindi breskra fyrirtækja til þess að veita þjónustu yfir landamæri til EES ríkja á grundvelli tilkynninga (*e. passporting*). Þetta hefur þá þýðingu að bresk fyrirtæki falla nú undir þann lagaramma sem gildir um þriðju ríki (fyrirtæki utan EES), og ber að sækja um starfsleyfi til Seðlabanka Íslands til að geta veitt þjónustu hér á landi.

### ***Ráðstafanir Íslands***

Mikilvægt er að íslenskir aðilar á fjármálamarkaði meti sjálfir áhættu, afleiðingar og nauðsynlegar ráðstafanir sem grípa þarf til vegna útgöngu Bretlands úr ESB.

Fjármálaeftirlit EES-ríkja eiga í samstarfi um mat á áhættu í tengslum við útgöngu Bretlands úr ESB, og gegna Evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði (EBA, ESMA og EIOPA) ákveðnu samhæfingarhlutverki. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar útbúa og birta, hver á sínu sviði, upplýsingar ætlaðar til þess að aðstoða fyrirtæki á fjármálamarkaði til að búa sig undir útgöngu Breta úr ESB. Þær tilkynningar, sem almennt er beint til fyrirtækja innan ESB, eiga í þessu sambandi almennt einnig við um fyrirtæki í ríkjum innan EES, þ.á m. á Íslandi.

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins er fylgst með þróun mála hvað varðar útgöngu Bretlands úr ESB. Munu íslensk stjórnvöld leitast við að þær aðgerðir sem ESB grípur til, til þess að tryggja brýna hagsmuni fyrirtækja innan ESB, verði teknar upp í EES-samninginn og gildi þannig fyrir íslensk fyrirtæki á fjármálamarkaði.

### ***Hlekkir – frekari upplýsingar***

Seðlabanki Íslands

- [Almennar upplýsingar](#)

Evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði:

- [Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin \(ESMA\)](#)
- [Evrópska bankaeftirlitsstofnunin \(EBA\)](#)
- [Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin \(EIOPA\)](#)

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

ESB veitti Bretlandi ekki aðgang að innri markaðnum fyrir fjármálaþjónustu í TCA-samningnum. Slíkt aðgengi veltur nú á einhliða ákvörðun ESB um að starfsumhverfi og eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja í Bretlandi jafngildi starfsumhverfi og eftirliti innan ESB. Niðurstaða TCA-samningsins breytir því ekki áhrifum af útgöngu Bretlands úr ESB hvað fjármálaþjónustu varðar.

## **Fjarskipti**

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Reglur EES-samningsins um fjarskipti og póstpjónustu fela í sér samræmingu á löggjöf á innanlandsmarkaði í hverju EES-ríki fyrir sig. Megintilgangurinn er að stuðla að virkri samkeppni í þessum málaflokkum og um leið tryggja ákveðin lágmarksréttindi borgara á EES-svæðinu til tiltekinna þátta fjarskipta- og póstpjónustu, sem þeim skal standa til boða á viðráðanlegu verði og óháð búsetu.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Bretland er nú skilgreint sem þriðja ríki í samskiptum við Ísland og önnur lönd EES-svæðisins. Samkvæmt íslenskum lögum er öllum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) heimilt að starfa á sviði fjarskipta hér á landi. Úrsögn Bretlands getur haft áhrif á reikipjónustu á milli landanna en nú gildir hámarksverð um reikipjónustu innan EES-svæðisins, bæði í heildsölu og smásölu. Hugsanlega gæti þetta leitt til hærra reikiverðs milli landanna ef ekki næst samkomulag um hámarks heildsöluverð í framtíðarsamningnum.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Samningur ESB og Bretlands hefur ekki áhrif á veitingu fjarskiptapjónustu hér á landi. Samningurinn útilokar ekki að Ísland geti samið einhliða við Bretland um hámark á reikigjöld en veiting fjarskiptapjónustu þriðju ríkja á Íslandi verður áfram heimil af aðildarríkjum WTO.

## Gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

EES-borgarar, sem vilja starfa í öðru EES-ríki en þeir öðluðust upprunalega starfsréttindi sín, geta fengið starfsmenntun sína og hæfi viðurkennd á grunni 30. gr. EES-samningsins.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Við útgöngu Bretlands úr ESB gilda reglur EES-samningsins ekki lengur um gagnkvæma viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, t.d. viðurkenningu á sérnámi í læknisfræði. Um háskólagráður er ekki veita starfsréttindi lögverndaðra starfsstétta gilda samningar Bologna samstarfsins, sem Bretland og Ísland eiga áfram aðild að þrátt fyrir Brexit.

Samningur við Bretland um útgönguskilmála tryggir réttindi þeirra sem fengið hafa prófskírteini sín viðurkennd fyrir lok aðlögunartímabilsins eða umsókn um slíkt hefur verið lögð fram fyrir árslok 2020. Verið er að skoða hvaða reglur muni gilda í framtíðinni á þessu sviði í fríverslunarviðræðum við Bretland.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu [landlæknis](#).

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi á milli ESB og UK tók enda með Brexit. Það þýðir að sérfræðingar frá Bretlandi sem vilja starfa í ESB þurfa nú að sækja viðurkenningu á starfsréttindum sínum á grundvelli innlendra laga í hverju ESB ríki fyrir sig (og öfugt). Ríkisborgarar EES-ríkja eða Bretlands sem áður höfðu fengið viðurkenningum verða ekki fyrir áhrifum.

Samkvæmt samningi ESB og Bretlands hafa samtök tiltekinna starfsgreina innan ESB og Bretlands möguleika á að leggja fram sameiginleg meðmæli með gagnkvæmri viðurkenningu. Ef slík meðmæli eru samþykkt myndi gagnkvæm viðurkenning gilda fyrir ESB og UK fyrir þá tilteknu starfsgrein.

Þetta fyrirkomulag er mjög takmarkað miðað við þær reglur sem gilda í EES samstarfinu. Líklegt er talið að Bretar muni ekki samþykkja víðtækara fyrirkomulagi í samningi Íslands og Bretlands.

## Samkeppnismál

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

EES-samningurinn skapar umgjörð utan um samstarf á milli stjórnvalda Íslands og Bretlands á sviði samkeppnismála, einkum varðandi upplýsingaskipti, aðstoð og samstarf við rekstur einstakra mála.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Samstarf Íslands og Bretlands á sviði samkeppnismála byggist fyrst og fremst á upplýsingaskiptum. Hið lagalega umhverfi sem EES-samningurinn kveður á um einfaldar slíkt samstarf og skapar vettvangur fyrir það. Frá og með 1. janúar 2021 hættu EES reglur að gilda um samstarf Íslands og Bretlands en mikilvægt er að tryggja að vettvangur verði fyrir áframhaldandi samstarf á sviði samkeppnismála við Bretland.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Samningur ESB og Bretlands felur ekki í sér grundvöll fyrir samstarf samkeppnisyrvalda á Íslandi og í Bretlandi. Samningurinn hefur því ekki í för með sér breytingar fyrir Ísland frá því ástandi sem skapast við lok aðlögunartímabils. Nauðsynlegt er því að semja sérstaklega um samstarf samkeppnisyrvalda hér á landi og í Bretlandi.

## Ríkisaðstoð

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

EES-samningurinn hefur að geyma ákvæði um ríkisaðstoð sem miða að því að koma í veg fyrir að stjórnvöld í EES-ríkjunum raski samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu með því að ívilna tilteknum fyrirtækjum eða atvinnugreinum.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Útganga Bretlands hefur ekki áhrif á beitingu þessara reglna hér á landi. Áfram gilda innlendar samkeppnisreglur sem að einhverju marki koma í veg fyrir óæskileg inngrip í samkeppnisumhverfi fyrirtækja. Þá verður Bretland eftir sem áður bundið af ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunaraðgerðir frá 1994.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Samningur ESB og Bretlands inniheldur ákvæði sem setja ramma utan um ríkisstyrki og starfsemi ríkisfyrirtækja. Ákvæðin eru hluti af stærri heild sem fjallar um jöfn samkeppnisskilyrði. Bretar og Evrópusambandið sömdu um sterk ákvæði á því sviði, að kröfu ESB, í ljósi þess að engir tollar munu leggjast á viðskipti á milli ríkjanna. Að svo stöddu er ekki talin þörf á að grípa til slíkra ákvæða í viðskiptasamningi Íslands og Bretlands. Sérstaklega í ljósi þess að viðkvæmir vöruflokkar munu áfram bera tolla í innflutningi til Íslands.

## Hugverkaréttindi

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

EES-samningurinn hefur að geyma reglur um hugverkaréttindi, þ.m.t. reglur um skráð réttindi á borð við einkaleyfi, vörumerki, verndun hönnunar, afurðaheiti, viðbótarvottorð fyrir lyf og plöntuvernd, og óskráð réttindi á borð við höfundarétt.

EES-samningurinn felur í sumum tilfellum í sér aukna vernd hugverkaréttinda umfram alþjóðasamninga á sviði hugverkaréttinda, og á öðrum sviðum auðveldar samningurinn skráningu og skilvirka vernd slíkra réttinda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á grundvelli slíkra samræmingarreglna hafa íslenskir aðilar getað fengið vörumerki eða hönnun skráða með einni umsókn sem gildir í öllum aðildarríkjum ESB, þar á meðal í Bretlandi, hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO).

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Með útgöngu Bretlands er ljóst að íslenskir aðilar verða að velja aðrar leiðir þegar vernda skal hugverkaréttindi í Bretlandi, einkum hvað varðar vörumerki og hönnun hjá EUIPO. Aðrir samningar munu halda þeim leiðum áfram opnum.

Íslenskir aðilar sem þegar eiga skráð vörumerki eða hönnun hjá EUIPO munu fá samsvarandi breska vörumerkjaskráningu eða hönnunarskráningu sem tryggir þá áframhaldandi vernd þar í landi. Þeir aðilar sem áttu vörumerkja- eða hönnunarsókn hjá EUIPO um síðustu áramót geta sótt um skráningu sjálfstætt í Bretlandi en fá hins vegar að halda þeim umsóknardegi sem hafði verið úthlutað af hálfu EUIPO. Frekari upplýsingar má finna á vef stofnunarinnar, [www.euipo.europa.eu](http://www.euipo.europa.eu) og vef bresku Hugverkastofunnar, [www.ipa.gov.uk](http://www.ipa.gov.uk). Þar er jafnframt að finna upplýsingar um framhald annarra hugverkaréttinda, svo sem hönnunar, viðbótarvottorða (SPC), landfræðilegra tilvísana og frekari upplýsingar um hugverkaréttindi við inn- og útflutning vöru og þjónustu.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Niðurstaða samnings milli ESB og Bretlands hefur ekki áhrif á framkvæmd ofangreindra atriða. Áhrifin eru þau að aðilar hans viðurkenna gagnkvæm réttindi og skyldur sem varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Samningurinn byggir að stærstum hluta á þeim Evrópusambandsgerðum sem gilda um hugverkaréttindi í dag. Þannig tryggir samningurinn til að mynda gagnkvæma vernd á sviði höfundaréttar, svo sem hvað varðar fylgiréttargjald, á sviði vörumerkja, á sviði hönnunar, viðskiptaleyndarmála, framfylgdar réttinda sem og á sviði einkaleyfa hvað varðar framlengingu verndar á grundvelli viðbótarvottorða og gagnavernd (data protection) og framfylgd hugverkaréttinda yfir landamæri (border enforcement). Þá felst í samningnum að hvor aðili um sig ákveði skilyrði tæmingar hugverkaréttinda. Jafnframt kemur fram í samningnum að aðilar geti ákveðið að semja sérstaklega um vernd landfræðilegra tilvísana.

## **Flutningur persónuupplýsinga**

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Reglur um flutning persónuupplýsinga innan EES-ríkja byggjast á reglum EES-samningsins um persónuvernd, sem má finna í viðauka nr. XI við samninginn. Núgildandi meginlöggjöf Evrópusambandsins á sviði persónuverndar er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun

sameiginlegu EES-nefndarinnar hinn 6. júlí 2018 og innleidd í íslensk lög með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Þegar bráðabirgðafyrirkomulaginu sem kveðið er á um í viðskipta- og samstarfssamningi Bretlands og ESB lýkur (sjá neðar) verður staða Bretlands gagnvart Íslandi sambærileg stöðu ríkja utan EES, þ.e. eins og annarra þriðju ríkja. Ákvæði V. kafla almennu persónuverndarreglugerðarinnar mæla fyrir um heimildir til miðlunar persónuupplýsinga til þriðju landa eða alþjóðastofnana. Líklegt er að ESB muni taka ákvörðun um að Bretland veiti fullnægjandi vernd skv. 45 gr. almennu persónuverndargerðarinnar enda hefur Bretland þegar innleitt reglugerðina í sína löggjöf.

Ef ekki lægi fyrir ákvörðun á grundvelli 45. gr. almennu persónuverndargerðarinnar kæmi til skoðunar að beita 46. og 47. gr. reglugerðarinnar. Þá gæti ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili (fyrirtæki eða stofnun) því aðeins miðlað persónuupplýsingum til þriðja lands eða alþjóðastofnunar ef að hann hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir og með því skilyrði að fyrir hendi séu framfylgjanleg réttindi og skilvirk lagaleg úrræði fyrir skráða einstaklinga. Innan þessa fyrirkomulags yrði því hver ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili fyrir sig að tryggja heimild fyrir miðlun persónuupplýsinga til Bretlands.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Í viðskipta- og samstarfssamningi ESB og Bretlands er að finna ákvæði um áframhaldandi frjálsa miðlun persónuupplýsinga frá ESB til Bretlands. Um er að ræða bráðabirgðafyrirkomulag sem kveður á um að frá 1. janúar 2021 muni Bretland ekki verða skilgreint sem þriðja ríki og muni því ekki falla undir ákvæði V. kafla almennu persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) 2016/679 um flutning persónuupplýsinga úr landi. Þetta fyrirkomulag mun gilda í 6 mánuði að hámarki og á því tímabili mun ESB vinna að útgáfu ákvörðunar um að miðlun persónuupplýsinga til Bretlands teljist örugg.

EFTA ríkin þrjú innan EES, Ísland, Noregur og Liechtenstein, beita að fullu persónuverndarlöggjöf ESB í gegnum aðild sína að EES-samningnum. Í samningi ESB og Bretlands er því gert ráð fyrir að bráðabirgðafyrirkomulagið gildi jafnframt um miðlun persónuupplýsinga frá þessum ríkjum til Bretlands náist samkomulag þess efnis. Slíkt samkomulag liggur fyrir af Íslands hálfu á grundvelli bréfaskipta.

Fyrst um sinn eftir 1. janúar 2021 þurfa stofnanir og fyrirtæki því ekki að grípa til ráðstafana varðandi miðlun persónuupplýsinga frá Íslandi til Bretlands. Framtíðarfyrirkomulag miðlunar persónuupplýsinga til Bretlands mun ráðast á næstu mánuðum.

## **Opinber innkaup**

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Með reglum EES-samningsins um opinber innkaup er komið á fót sameiginlegum markaði um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þeim felst að opinberum aðilum beri að fylgja ákveðnu verklagi við innkaup sem eru yfir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem skilgreindar eru í reglum og eiga öll fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu að njóta sama aðgangs að innkaupum opinberra aðila í EES-ríkjunum.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Bretar hafa gengist undir samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (Government Procurement Agreement; GPA-samninginn) og gerðust aðilar að þeim samningi sem sjálfstætt ríki eftir útgöngu úr ESB.

GPA-samningurinn veitir margskonar aðgengi fyrir bjóðendur í opinberum útboðum sambærilegt og í núverandi EES-samningi en sumt er undanþegið GPA samningnum t.d. eru innkaup margskonar veitufyrirtækja s.s. póstpjónustu, gas, olíu, hita sem og veitufyrirtækja í einkaeigu ekki hluti af samningi, né ákveðnir sértækir samningar á sviði þjónustu, né ákveðnir samningar á sviði varnarmála. Athygli er vakin á því að auglýsingar breskra útboða verða ekki lengur á [sameiginlegu auglýsingasvæði EES landanna](#) heldur verða á sérstökum vefsvæðum hvers lands fyrir sig: [England, Wales, Skotland, Norður- Írland](#).

GPA samningurinn gengur út á gagnkvæmni í aðgengi að innkaupum aðila á milli og samsvarandi breytingar verða því á þátttöku breskra fyrirtækja í útboðum á Íslandi.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Í viðskipta- og samstarfssamningi ESB og Bretlands er að finna ákvæði um aukið markaðsaðgengi umfram GPA. Leitast verður eftir svipuðum aðgangi í fríverslunarviðræðum Íslands, Noregs og Liechtenstein við Bretland.

## Viðskiptavarnir

### ***Almennt***

Viðskiptavarnir (e. trade remedies) fela í sér undantekningu á frjálsum viðskiptum milli ríkja sem almennt er heimilt að grípa til, að uppfylltum skilyrðum, í þeim tilgangi að sporna gegn óréttlátum viðskiptaháttum eða magninnflutningi. Heimilar varnir eru þrens konar:

- 1) Undirboðstollar (e. anti-dumping) – þegar vara er flutt inn á undirverði.
- 2) Jöfnunartollar (e. subsidy/countervailing duty) – þegar innflutt vara hefur notið styrkja.
- 3) Verndarráðstafanir (e. safeguards) – þegar mikið magn er flutt inn (á eðlilegu verði).

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Íslensk lög hafa að geyma ákvæði sem snúa að undirboðs- og jöfnunartollum. Í framkvæmd hefur þeim hins vegar ekki verið beitt enda samræmist það ekki stefnu Íslands í alþjóðaviðskiptum.

Innri markaður EES-samningsins tryggir að ríkjum sambandsins er ekki heimilt að grípa til viðskiptavarna gagnvart öðru samningsríki vegna vöru sem fellur undir samninginn.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Við lok aðlögunartímabilsins gilda EES-reglur ekki lengur í samskiptum Íslands og Bretlands og gætu bæði ríkin þá gripið til viðskiptavarna gagnvart vöruinnflutningi hins ríkisins. Bretland hefur gefið til kynna að það muni nýta úrræðin til að gæta hagsmuna innlendra framleiðenda og tryggja réttláta viðskiptahætti. Bretland verður þó eftir sem áður að fylgja þeim alþjóðlegu reglum sem í gildi eru samkvæmt samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og, eftir því sem við á, þeim skyldum og takmörkunum sem fríverslunarsamningur Íslands og Bretlands mun kveða á um.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands inniheldur reglur um viðskiptavarnir. Þær ráðstafanir hafa þó ekki áhrif á þá samningstexta sem þegar hafa verið lagðir fyrir Bretland. Samningurinn mun því ekki hafa áhrif á viðræður Íslands og Bretlands.

## Flug

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Flugsamgöngur á milli Íslands og Bretlands féllu að mestu leyti undir reglur EES-samningsins fyrir lok aðlögunartímabilsins en þá voru bæði ríkin hluti af Sameiginlega evrópska flugsvæðinu.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Áframhaldandi lendingarréttindi hafa verið tryggð á milli Íslands og Bretlands með tvíhliða loftferðasamningi sem veitir sömu tvíhliða flugréttindi og bæði löndin höfðu með aðild þeirra að Sameiginlega evrópska flugsvæðinu (e. European Common Aviation Area). Auk þess er verið að ræða sérstakan samning við Bretland um flugöryggismál.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Ísland hefur gert sjálfstæðan loftferðasamning við Bretland og hefur viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands ekki áhrif á hann. Samningur ESB og Bretlands inniheldur kafla um flugsamgöngur sem miðast við 1. – 4. réttindi. Þetta eru lágmarksréttindin sem þarf til að halda uppi tvíhliða áætlunarflugi. Jafnframt geta Bretland og einstök aðildarríki ESB gert tvíhliða sérsamninga sem heimila 5. flugréttindi fyrir fraktflutninga (e. all cargo) til og frá 3ju ríkjum. Til samanburðar eru í loftferðasamningi milli Íslands og Bretlands 1. – 5. og 7. – 9. flugréttindi. Einnig er grein um flugöryggi í kaflanum í samningi Bretlands og ESB um flugsamgöngur og sérstakur kafli um flugöryggismál.

## Dvalar- og atvinnuleyfi

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins tryggir íslenskum ríkisborgurum rétt til frjálsrar farar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því felst meðal annars að íslenskir ríkisborgarar geta flust til ríkjanna á svæðinu og starfað þar, án þess að þurfa dvalar- eða atvinnuleyfi.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Við lok aðlögunartímabilsins féll niður réttindi íslenskra ríkisborgara til þess að flytja til Bretlands og leita sér að atvinnu í Bretlandi án þess að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi og einnig réttindi þeirra til að taka fjölskyldur sínar með sér. Sömu sögu er að segja um réttindi íslenskra námsmanna til að dvelja í Bretland vegna náms án dvalarleyfis. Breyttar reglur hafa áhrif á íslenska ríkisborgara sem flytja til Bretlands eftir 1. janúar 2021. Íslenskir ríkisborgarar sem voru búsettir í Bretlandi fyrir 31. desember 2020 og sækja um “settled status” eða “pre-settled status” hjá breskum stjórnvöldum innan settra tímamarka munu áfram geta búið og starfað í Bretlandi á grundvelli útgöngusamnings EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland.

Með sama hætti hafa sambærileg réttindi breskra ríkisborgara til að flytjast til Íslands og stunda atvinnu á Íslandi fallið niður. Breyttar reglur hafa áhrif á breska ríkisborgara sem

flytja til Íslands eftir 1. janúar 2021. Breskir ríkisborgarar sem þegar voru búsettir á Íslandi og skráðir hjá Þjóðskrá Íslands munu áfram geta búið og starfað á Íslandi á grundvelli útgöngusamnings EFTA-ríkjanna innan EES-við Bretland. Bresk stjórnvöld hafa tekið upp nýtt punktakerfi sem tók gildi í Bretlandi 1. janúar 2021 fyrir fólk af öllum þjóðernum sem vill dvelja og starfa í Bretlandi. Kerfið byggist á hæfni umsækjenda en ekki þjóðerni.

Þá standa yfir viðræður milli Íslands og Bretlands um gerð samnings um tímabundin dvalar- og atvinnuleyfi fyrir ungt fólk (e. youth mobility scheme) og heimildir þjónustuveitenda til að fara yfir landamæri til að veita þjónustu til skemmri tíma (“mode 4” í GATS). Nánari upplýsingar um réttindi til búsetu og dvalar í Bretlandi má finna [hér](#).

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Í viðskipta- og samstarfssamningi ESB og Bretlands er ekki að finna ákvæði um dvalar- eða atvinnuleyfi. Ekki heldur um tímabundin dvalar- og atvinnuleyfi ungs fólks (e. youth mobility).

## Almannatryggingar

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Í EES-samningnum er að finna ítarleg ákvæði um almannatryggingar sem ætlað er að vernda áunnin almannatryggingaréttindi ríkisborgara þátttökuríkja EES og fjölskyldna þeirra þegar þeir flytjast eða fara á milli ríkja innan EES, hvort heldur er til starfa, náms eða búsetu.

Áframhaldandi réttindi íslenskra ríkisborgara sem og breskra ríkisborgara sem voru búsettir í Bretlandi og á Íslandi fyrir lok aðlögunartímabilsins 31. desember 2020 hafa verið tryggð samkvæmt samningi ríkjanna um útgönguskilmála (þó þurfa íslenskir ríkisborgarar í Bretlandi að sækja um “settled status” eða “pre-settled status” hjá breskum stjórnvöldum fyrir tiltekin tímamörk, sjá nánar [hér](#)).

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins gilda ekki lengur hvað varðar íslenska ríkisborgara sem flytjast til Bretlands og breska ríkisborgara sem flytjast til Íslands eftir 1. janúar 2021. Lög og reglur í Bretlandi og á Íslandi gilda nú án frávika varðandi réttindi og skyldur í almannatryggingakerfum ríkjanna nema samið verði um annað.

Þegar hefur verið gengið frá samningi er tekur til þeirra sem hafa áunnið sér réttindi í almannatryggingum við lok aðlögunartímabilsins, þ.e. [útgöngusamningur](#) EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland.

Viðræður milli Íslands og Bretlands standa nú yfir á sviði almannatrygginga. Enn er óvíst hvenær þeim lýkur eða hvenær niðurstaða þeirra verður ljós.

Hér er fjallað nánar um almannatryggingarákvæði á mismunandi sviðum.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands inniheldur ákvæði um samræmingu almannatryggingakerfa milli ríkjanna. Þar er fylgt að miklu leyti uppbyggingu almannatryggingareglugerðar ESB og ákvæðin taka að mestu til sömu bótaflokka. Þó taka þau ekki til fjölskyldubóta, s.s. barnabóta og ekki er kveðið á um greiðslu atvinnuleysisbóta eða



örorkubóta milli ríkjanna. Samningaviðræður Íslands og Bretlands munu taka mið af niðurstöðum samningsins.

## Sjúkratryggingar - heilbrigðisþjónusta

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Í EES-samningnum er að finna ítarleg ákvæði um samstarf um heilbrigðisþjónustu milli þátttökuríkja EES. Nú er að mestu notast við svokallað ES kort (Evrópska sjúkratryggingakortið) sem staðfestir rétt einstaklinga til sjúkratryggingar. Öll nauðsynleg lækniþjónusta miðað við tímalengd dvalar fellur þar undir svo lengi sem lækniþjónustan fellur undir opinbert sjúkratryggingakerfi viðkomandi ríkis.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Fyrir íslenska ríkisborgara sem flytjast til Bretlands og breska ríkisborga sem flytjast til Íslands eftir 1. janúar 2021 mun ES kortið ekki vera gilt og þjónustuveitendur beggja landa taka ekki lengur við ES kortum. Viðræður milli Íslands og Bretlands standa nú yfir á sviði almannatrygginga. Enn er óvíst hvenær þeim lýkur eða hvenær niðurstaða þeirra verður ljós.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Í viðskipta- og samstarfssamningi ESB og Bretlands er kveðið á um áframhaldandi gagnkvæman rétt til heilbrigðisþjónustu á ferðalögum og munu Bretar gefa út nýtt sjúkratryggingakort (e. Global Health Insurance Card) sem mun koma í stað evrópska sjúkratryggingakortsins. ES kort sem þegar hafa verið gefin út verður hægt að nota út gildistímabil þeirra. Tekið verður mið af þessum ákvæðum í samningaviðræðum Íslands og Bretlands á þessu sviði.

## Útsendir starfsmenn

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Í almannatryggingaákvæðum EES-samningsins er að finna ákvæði um útsenda starfsmenn en samkvæmt þeim falla útsendir starfsmenn á starfstímanum áfram undir almannatryggingalöggjöf útsendingarríkisins (heimaríkisins) og tryggingagjöld ber að greiða þar. Sérákvæði gilda um starfsfólk í flugþjónustu og þá sem vinna um borð í skipum.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins gilda ekki lengur milli Íslands og Bretlands. Þegar hefur verið gengið frá samningi er tekur til þeirra sem féllu undir ákvæði EES-samningsins um almannatryggingar við lok aðlögunartímabilsins, þ.e. útgöngusamningur EES EFTA ríkjanna við Bretland.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Í viðskipta og samstarfssamningi ESB og Bretlands eru ákvæði sem veita útsendum starfsmönnum möguleika á að falla áfram undir almannatryggingalöggjöf heimaríkisins í allt að tvö ár. Horft verður til þessa í samningaviðræðum Íslands og Bretlands.

## Lífeyristryggingar almannatrygginga

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Í EES-samningnum er að finna ítarleg ákvæði um almannatryggingar sem ætlað er að vernda áunnin almannatryggingaréttindi við för fólks milli ríkjanna á EES-svæðinu. Meðal annars er unnt að nota tryggingartímabil frá öðru hvoru ríkinu upp að ákveðnu marki til að fullnægja skilyrðum fyrir lífeyrisrétti í hinu ríkinu. Þá ber að greiða áunnin lífeyri vegna örorku eða elli þótt lífeyrisþeginn hafi búsetu í hinu ríkinu.

#### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins gilda ekki lengur milli Íslands og Bretlands. Hægt er að greiða þegar áunninn lífeyri milli Íslands og Bretlands á grundvelli útgöngusamnings EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland.

#### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Í viðskipta- og samstarfssamningi ESB og Bretlands eru ákvæði um samræmingu almannatryggingakerfa er taka m.a. til örorku- og ellilífeyris. Ákvæðin eru svipuð og almannatryggingaákvæði EES-samningsins, en þó ekki að öllu leyti, t.d. er ekki kveðið á um greiðslu örorkubóta milli ríkjanna. Tekið verður mið af þessum ákvæðum í samningaviðræðum Íslands og Bretlands.

### Fæðingarorlofsgreiðslur

#### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Almannatryggingaákvæði EES-samningsins gilda einnig um bætur vegna meðgöngu og fæðingar og jafngildar bætur til feðra.

#### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins gilda ekki lengur milli Íslands og Bretlands.

#### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands hefur að geyma ákvæði um m.a. þessa tegund bóta. Samningaviðræður Íslands og Bretlands munu taka mið af því.

### Atvinnuleysisbætur

#### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Almannatryggingaákvæði EES-samningsins gilda einnig um atvinnuleysisbætur og er m.a. hægt að fara milli ríkjanna í atvinnuleit í tiltekinn tíma og halda atvinnuleysisbótum sínum á meðan.

#### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Ákvæði EES-samningsins gilda ekki lengur milli Íslands og Bretlands.

#### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands hefur að geyma ákvæði er varða atvinnuleysisbætur en þó ekki um greiðslur atvinnuleysisbóta úr landi, þar sem sá möguleiki tengist frjálsri för. Samningaviðræður Íslands og Bretlands munu taka mið af þessu.

### Ökuskírteini

#### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Í EES-samningnum er mælt fyrir um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina og um rétt til að fá ökuskírteini sem gefið er út í einu EES ríki skipt út fyrir samsvarandi ökuskírteini í öðru EES ríki ef einstaklingur tekur sér búsetu þar, án þess að þurfa að taka ökuþróf að nýju. Það hefur í för með sér að íslenskir ríkisborgarar sem búa í öðru EES-ríki þurfa ekki að afla sér þar nýs ökuskírteinis en geta gert það ef þeir kjósa, án þess að gerð sé krafa um að viðkomandi taki ökuþróf.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Við lok aðlögunartímabilsins féllu þessar reglur niður að því er varðar Bretland. Unnið er að gerð samkomulags við bresk stjórnvöld um að tryggja gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina og um rétt til að fá íslensku ökuskírteini skipt út fyrir samsvarandi breskt skírteini án þess að viðkomandi þurfi að taka ökuþróf.

Íslensk og bresk stjórnvöld hafa gert ráðstafanir til bráðabirgða sem tryggja gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina og rétt til að fá ökuskírteini skipt út fyrir samsvarandi ökuskírteini í Bretlandi eða eftir atvikum Íslandi ef umsækjandi er búsettur þar. Ráðstafanirnar munu gilda þar til samkomulag öðlast gildi sem tryggir umrædd réttindi.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Viðskipta- og samstarfssamningur ESB og Bretlands hefur ekki áhrif á þessar viðræður.

## Mennta- menningar- og vísindasamstarf

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

EES-samningurinn gerir Íslandi kleift að taka þátt í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á margvíslegum sviðum til að mynda í mennta-, menningar- og vísindamálum. Bretar hafa verið einn helsti samstarfsaðili Íslands í slíkum samstarfsáætlunum, sérstaklega í mennta- og vísindasamstarfinu.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Niðurstaða viðræðna ESB og Bretlands var að Bretland mun halda áfram í rannsóknarsamstarfi ESB (Horizon) en mun hætta þátttöku í Erasmus-samstarfi um nemenda og kennaraskipti. Stefnt er að gerð samstarfssamninga milli Íslands og Bretlands á þessum sviðum. Vísað er til samantekta Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Rannís:

Spurt og svarað: <https://www.erasmusplus.is/um/brexit/>

## Hljóð- og myndmiðlun

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Markmið reglna EES-samningsins um hljóð- og myndmiðlun er að koma á sameiginlegum markaði með hljóð- og myndmiðlun, þ.m.t. sjónvarpsútsendingar. Samkvæmt tilskipuninni er almenna reglan sú að EES-ríki hafa lögsögu yfir þeim fjölmiðlaveitum, þ.m.t. sjónvarpsstöðvum, sem hafa staðfestu í viðkomandi ríki. Leyfi til útsendinga í einu EES-ríki veitir heimild til að senda einnig út efni til annarra EES-ríkja.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Flestar sjónvarpsstöðvar sem sendar eru út hér á landi hjá íslenskum aðilum, svo sem Sýn og Símanum, eru í breskri lögsögu. Við lok aðlögunartímabilsins féllu niður framangreindar heimildir til að senda efni frá Bretlandi til EES-ríkja. Ekki er þörf á sérstökum varúðarráðstöfunum enda fellur það efni sem er sýnt frá sjónvarpsstöðvum með aðsetur í Bretlandi undir breskar reglur sem að efni til svipa til tilskipunar ESB um hljóð- og myndmiðlun. Einnig verður athugað með að Ísland gerist aðili að og fullgildi sjónvarpssáttmála Evrópuráðsins sem Bretar eru einnig aðilar að. Hann hefur að geyma lágmarksreglur um vernd barna, bann við hatursorðræðu og um framsetningu auglýsinga.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Ekki var samið um gagnkvæm réttindi til hljóð og myndmiðlunar í samningi ESB og Bretlands. Sjálfkrafa réttindi til hljóð- og myndmiðlunar á grundvelli tilskipunar ESB um hljóð og myndmiðlun hafa því fallið niður. Hins vegar eru 20 aðildarríki ESB aðilar að sjónvarpssáttmála Evrópuráðsins og bresk fyrirtæki hafa því áfram rétt til miðlunar efnis á grundvelli hans í þeim ríkjum.

Réttindi Breskra fyrir tækja til hljóð- og myndmiðlunar falla ekki niður sjálfkrafa og ólíklegt að Fjölmíðlanefnd (sem er bær eftirlitsstofnun á Íslandi) gripi til sérstakra aðgerða. Hins vegar er í skoðun að Ísland gerist aðili að sjónvarpssáttmála Evrópuráðsins og réttindi breskra fyrirtækja til miðlunar hér á landi þannig tryggð.

## **Neytendavernd**

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

EES-samningurinn inniheldur reglur um neytendavernd sem miða að því að neytendur geti treyst því að þeir njóti sömu lagalegu réttinda í viðskiptum yfir landamæri EES-ríkja eins og þeir njóta samkvæmt reglum sem gilda í þeirra heimaríki.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Útganga Bretlands úr ESB mun þýða að ákvæði EES-samningsins um neytendavernd munu ekki gilda í viðskiptum við Bretland.

Neytendur sem versla í Bretlandi, sem lenda í vandræðum með vöru eða þjónustu, munu ekki lengur geta treyst á þá neytendavernd sem leiðir af EES-samningnum. Þeir verða í staðinn að reiða sig á bresk neytendalög.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Samningur ESB og Bretlands tekur ekki til neytendaverndar sem slíkrar.

## **Innra öryggi og dómsmál**

### ***Staða fyrir lok aðlögunartímabilsins***

Íslensk og bresk stjórnvöld hafa átt í samskiptum um framtíðar fyrirkomulag samskipta ríkjanna á ýmsum sviðum sem varða innra öryggi m.a. varðandi framsalsmál, gagnkvæma réttaraðstoð, málefni hælisleitenda og innflytjenda, upplýsingagjöf um farþega og áhafnir í millilandaferðum, skipti á lífkennaupplýsingum í löggæslutilgangi, skipti á persónuupplýsingum í löggæslutilgangi og vegna hryðjuverka og glæpa þvert á landamæri,

öryggis upplýsinga, netöryggismála ofl. Ekki hefur þó verið talið nauðsynlegt gera sérstaka samninga á þessum sviðum.

Jafnframt er hugað að málefnum er varða dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Íslensk stjórnvöld styðja sjálfstæða aðild Bretlands að Lúganó-samningnum.

### ***Breytingar við lok aðlögunartímabilsins***

Margt af tvíhliða samstarfi Íslands og Bretlands um innra öryggi byggir á viðeigandi Evrópuráðssamningum og ekki er þörf á gera nýja tvíhliða samninga milli ríkjanna á þessu sviði til að tryggja áframhaldandi samstarf. Í báðum ríkjum er einnig fyrir hendi löggjöf sem tryggir áframhaldandi samstarf um málefni innra öryggis, t.a.m. er varðar skipti á persónuupplýsingum í löggæslutilgangi þar sem upplýsingaskiptin fara nú fram á grundvelli landslaga í stað Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) áður. Hins vegar er ljóst að hægst getur á ferlum í ákveðnum málaflokkum, s.s. framsalsmálum. Vilji er fyrir hendi að leita leiða við að flýta ferlum og straumlínulaga samstarfið, þar sem það er talið nauðsynlegt og fýsilegt.

Ísland styður eftir sem áður við sjálfstæða aðild Bretlands að Lúganó-samningnum um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Unnið er að því hjá dómsmálaráðuneytinu að tryggja að ákvæði Lúganó-samningsins muni áfram gilda um mál sem voru hafin en ekki náðist að ljúka fyrir lok aðlögunartímabilsins.

Áfram verður vaktað hvaða áhrif útganga Bretlands úr Evrópusambandinu mun hafa á samstarf um innra öryggi og verður gripið til nauðsynlegra ráðstafana eftir því sem þörf þykir.

### ***Áhrif viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Bretlands***

Bretland mun halda áfram samstarfi með Europol og Eurojust sem mun auðvelda samstarf Íslands og Bretlands á þessum sviðum en að öðru leyti er ekki fyrir séð að viðskipta- og samstarfssamningur Bretlands og Evrópusambandsins muni hafa áhrif á málefni á sviði innra öryggis.